

RAFORKUMÁLASTJÓRI

i billu

3

ORKUSTOFNUN
Málasafn

665.1

Íbúðarhúsið að Klausturhólum

Grímsnesi

Athugun á rafmagnshitun

Júní 1955

RAFORKUMÁLASTJÓRI

Reykjavík, júní 1955
B2M-307-J.B.

Íbúðarhúsið að Klausturhólum

Grímsnesi.

Athugun á rafmagnshitun.

Inngangur.

Íbúðarhúsið að Klausturhólum er sem stendur hitað með miðstöð í sambandi við eldavél. Einnig er kælivatn frá dísilrafstöð notað til hitunar. Þegar býlið fær rafmagn frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins verða bæði eldavélin og dísilrafstöðin lagðar niður. Ekki kemur til mála að hita húsið með rafmagni eingöngu, og verður bóndinn því að kaupa sér miðstöðvarketil, sem þá yrði væntanlega olíukyntur.

Hins vegar kæmi til greina að hita að nokkru með rafmagni, til að spara olíu, og um það fjallar þessi athugun. Er þá gengið út frá rafmagnsverði samkvæmt hinni nýju gjaldskrá héraðsrafmagnsveitna ríkisins, gjaldskrárlið B-3, sem virðist vera sá eini sem til greina kemur í þessu sambandi.

Er þá gert ráð fyrir, að afstillingin sé ákveðin með hliðsjón af stærð súgburrkunarmótors, því ekki kemur til mála að hækka afsstillinguna vegna húshitunar, því eins og síðar mun sýnt fram á er verð orkunnar úr dísiloliú 11,5 aur/kwh, enverð raforkunnar að minnsta kosti $10 + \frac{750}{8760} \times 100 = 18,6$ aur/kwh. Raunverulega er verðið hærra, því 8760 stunda nýtingartími kemur að sjálfsögðu ekki til mála.

Hitununni er því ekki reiknuð nein hlutdeild í afgjaldinu. Af öryggisástæðum yrði miðstöðvarketillinn að vera það stór að hann anni mestu hitabörf hússins, enda þótt hitað væri að einhverju leyti með rafmagni.

1. Stærð íbúðarhússins

er um 287 m^3 auk kjallara, sem er um 140 m^3 , eða alls 427 m^3 .

2. Mesta varmabörf hússins

er 14820 kcal/h , eða $17,3 \text{ kw}$. Er þá miðað við $+ 15^\circ\text{C}$ útihið og 20°C inni hita, nema í kjallara, þar 10°C . Reiknað er með eftirfarandi hitaleiðslustuðlum:

Útveggir og þak	1	kcal/m ² ,	$^\circ\text{C}, \text{h.}$
Glugga	7	- " -	
Gólf	2	- " -	

Fyrir glugga mótt norðri og austri reiknast 20% viðbót í hitastreymi.

Fyrir þak reiknast útihið $+ 25^\circ\text{C}$ ("altækt hitastig himinhvelfingarinnar").

Sökum varmataps í pípum má setja mestu varmabörf frá miðstöðvarkatli ca. 5% herra, eða $18,2 \text{ kw}$.

3. Árleg orkubörf til hitunar.

Allmikil óvissa ríkir um þessa stærð, þar eða langæislína hitunarinnar er ekki kunn. Hér verður notuð langæislína, sem er "búin til" með hliðsjón af langsæislínu meðlahita sólarhrings í Reykjavík 1951. Skv. henni er nýtingartími mesta álags 3360 h/ári , og orkubörfin til hitunar því

$17,3 \times 3360 = 58200 \text{ kwh/ári.}$

Frá miðstöðvarkatli er orkubörfin sett

$58200 \times 1,05 = 61200 \text{ kwh/ári.}$

4. Hlutdeild raforku í hitunarbörfinni.

er fundin út frá áðurnefndri langsæislinu. Er miðað við, að 24 kwh séu notaðar á dag til almennar heimilisnotkunar og kranavatnshitunar.

Pessi hlutdeild verður sem hér segir við mismunandi afsl-stillingu:

4 kw aflstilling (3 kw meðalál. til hitunar)

Pilofnar: 37% af 58200 eða 21500 kwh

Hitald í miðstöðvarkatli: 36% af 61.200 eða 22000 kwh.

5 kw aflstilling (4 kw meðalál. til hitunar)

Pilofnar 47,5% af 58200 eða 27700 kwh.

Hitald 45,5% - 61200 - 27900 -

6 kw aflstilling (5 kw meðalálag til hitunar)

Pilofnar 58% af 58200 eða 33800 kwh.

Hitald 55% - 61200 - 33800 -

5. Stofnkostnaður.

Lauslega áætlað yrði stofnkostnaður vegna rafmagnshitunar sem hér segir:

(Upplýsingar um verð á hitunartækjum eru frá Rafha)

A. Pilofnar

Gert er ráð fyrir, að pilofnar yrðu hafðir, auk venjulegra miðstöðvarofna (sem fyrir eru) í öllum herbergjum á 1. hæð og í íbúðarherbergjum í rishæð. Gert er ráð fyrir, að stærð

þeirra yrði sem hér segir:

		<u>4 kw aflst.</u>	<u>5 kw aflst.</u>	<u>6 kw aflst.</u>
Herbergi nr. 1		0,25	0,5	0,5
" "	2	1,0	1,0	1,0
" "	3	0,25	0,5	0,5
" "	4 & 5	0,25	0,5	0,5
" "	6	0,25	0,5	0,5
" "	7	0,5	0,5	0,5
" "	15	0,5	0,5	1,0
" "	16	0,5	0,5	1,0
" "	19	<u>0,25</u>	<u>0,5</u>	<u>0,5</u>
		4,0	5,0	6,0

Með þessu móti yrði stofnkostnaðurinn:

4 kw aflstilling

Ofnar	0,25	kw	4	stk.	á kr.	195,-	kr.	780,-
"	0,5	-	4	-	-	245,-	-	980,-
"	1,0	-	1	-	-	430,-	-	430,-
Rofar, lo amp	9	-	-	-	-	30,-	-	270,-
Termostat-hitastillar	3	(minnst)	140,-			-		420,-
Raflögn að ofnnum og uppsetn. ca.						-		2700,-
Stýriútbúnaður vegna rafmagnshitunar og ýmislegt,, ca.						-		<u>1520,-</u>
						Kr.		7100,-

5. kw aflstilling

Ofnar	0,5	kw	8	stk.	á kr.	245,-	kr.	1960,-
"	1,0	-	1	-	-	430,-	-	430,-
Rofar, lo amp	9	-	-	-	-	30,-	-	270,-

Termostat-hitastillar 3 stk.	kr. 140,-	kr. 420,-
Raflögn að ofnum og uppsetning.	ca. -	2700,-
Stýriútbúnaður vegna rafmagns-		
hitunar og ýmislegt.	ca. -	1520,-
		Kr. 7300,-

6 kw aflstilling

Ofnar 0,5 kw 6 stk. á kr. 245,-	kr. 1470,-
" 1,0 - 3 - - - 430,-	- 1290,-
Rofar, 10 amp. 9 stk. - 30,-	- 270,-
Termostat-hitastillir, 3.stk. 140,-	- 420,-
Raflögn að ofnum og uppsetn.	ca. - 2700,-
Stýriútbúnaður vegna rafmagns-	
hitunar og ýmislegt	ca. - 1550,-
	Kr. 7700,-

B. Hitald í miðstöðvarkatli

Verð á elementi (4-6 kw) ca.	kr. 1500,-
Raflögn og uppsetning -	- 1000,-
Stýriútbúnaður og ýmislegt-	- 1500,-
	Kr. 4000,-

6. Rekstrarkostnaður

Fastur rekstrarkostnaður (vextir, afb., viðhald) verður
hér reiknaður 12% af stofnkostnaði.

A. Pilofnar

4 kw aflstilling 12% af 7100 = 850 kr/ári	
5 - - " - 12% - 7300 = 880 - " -	
6 - - " - 12% - 7700 = 925 - " -	

B. Hitald í miðstöðvarkatli

$$12\% \text{ af } 4000 = 480 \text{ kr/ári.}$$

Auk þessa kemur svo að sjálfsögðu orkukostnaðurinn,
lo aurar á kwh.

7. Oliusparnaður.

Gert er ráð fyrir, að brennt sé dísilolíu.

Varmainnihald: 10000 kcal/kg. Nýtni miðstövarketils
talin 65% (ársnýtni). Verð á oliú kominn í olíugeymi
hússins, er 75,5 aur/lítra. Eðlisþyngd 0,87. Verð pr. kg.

$$\frac{75,5}{0,87} = 87 \text{ aur/kg.}$$

Verð pr. kwh frá miðstöðvarkatli verður þá :

$$\frac{87 \times 860}{0,65 \times 100000} = 11,5 \text{ aur/kwh.}$$

Reikna má með, að orkuþörfin frá miðstöðvarkatli sé lítið
eitt, eða ca. 5% hærri, en frá ofninum, sökum hitatapa í
pípuleiðslum.

A. Pilofnar.4 kw aflstilling

$$\text{Oliusparnaður } 21500 \times 1,05 = 22500 \text{ kwh}$$

$$\text{á } 11,5 \text{ aura} = \text{kr. } 2590$$

Árleg útgjöld vegna rafmagnshitunar

$$21500 \text{ kwh á lo aura} \quad 2150 \text{ kr.}$$

$$\text{Vextir og afb.} \quad 850 - \quad - \quad 3000$$

$$\text{Tap vegna rafmagnshitunar} \quad \underline{\underline{410,-}}$$

5 kw aflstilling

$$\text{Oliusparnaður } 27700 \times 1,05 = 29100 \text{ kwh.}$$

$$\text{á } 11,5 \text{ aura} = \text{ - } 3350,-$$

Árleg útgjöld vegna rafmagnshitunar

27700 kWh á lo aura kr. 2770,-

Vextir og afb.	-	880,-	kr. 3650,-
----------------	---	-------	------------

Tap vegna rafmagnshitunar	-	300,-
---------------------------	---	-------

6 kw aflstilling

Oliusparnaður 33800 kWh x 1,05 = 35500 kWh

á 11,5 aura	kr. 4080,-
-------------	------------

Árleg útgjöld vegna rafmagnshitunar

33800 kWh á lo aura kr. 3380,-

Vextir og afb.	-	925,-	4205
----------------	---	-------	------

Tap vegna rafmagnshitunar	kr. 125,-
---------------------------	-----------

B. Hitald í miðstöðvarkatli

4 kw aflstilling

Oliusparnaður 22000 kWh á 11,5 aura kr. 2530,-

Árleg útgjöld vegna rafmagnshitunar:

22000 kWh á lo aura kr. 2200,-

Vextir og afb.	-	480,-	2680,-
----------------	---	-------	--------

Tap vegna rafmagnshitunar	kr. 150,-
---------------------------	-----------

5 kw aflstilling

Oliusparnaður 27900 kWh á 11,5 aura kr. 3210,-

Árleg útgjöld vegna rafmagnshitunar

27900 kWh á lo aura kr. 2790,-

Vextir og afb.	-	480,-	3270,-
----------------	---	-------	--------

Tap vegna rafmagnshitunar	kr. 60,-
---------------------------	----------

6 kw aflstilling

Oliusparnaður 33800 kWh á 11,5 aura kr. kr. 3890,-

Árleg útgjöld vegna rafmagnshitunar

33800 kwh á lo aura kr. 3380,-	
Vextir og afb.	<u>480,-</u>
Hagnaður vegna rafmagnshitunar	<u>Kr. 30,-</u>

8. Niðurstaðan virðist því vera, að rafmagnshitunin borgi sig ekki. Þó er þess að gæta, að ekki má taka ofangreindar tölur alveg bókstaflega, sökum margs konar ónákvæmni í reikningi sem þessum. Þannig er það t.d. ekki vitað að útgjöld til vaxta og afnorgana séu nákvæmlega 12% af stofnkostnaði. Aður var minnst á, að árleg orkumörf til hitunar er ekki nákvæmlega þekkt, o.s.frv.

Af útreikningum þessum verður því tæplega önnur ályktun dregin en sú, að fjárhagslega skipti ekki máli, hvort rafmagnshitun sé notuð að nokkru leyti eða ekki. Það verður að ákveða út frá öðrum forsemdum. Hagkvæmara virðist þó að setja hitaelement í miðstöðvarketilinn í stað þess að nota þilofna, sökum lægri stofnkostnaðar. Hins vegar eru þilofnarnir þægilegri á ýmsan hátt.

Rvk. i júní 1955

Jónas Þorláksson

Roforkumálastjóri.

Klausturhöllur, Grimsnesi.


Nættluð langæistina hitunarþarf
ásomt tilsvárandi vinnslulínu


9/7. '55 JB /P

Tnr. 1

B2M-308


Fnr. 2824.









SUDURHILD.




VESTURHILD.




VESTRHILD.



HED.



KALDRHILD.



DRAKHILD.

Iþúðarhúsíð
Klausturholum
Grimsnesi

TEKNISTO

SYGNINGAR OG LAGE